

Mánudaginn 2. maí 1994.

Nr. 193/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Joseph Georg Adessa

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. A-liður 1. mgr. 103. gr. l. nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kærú 27. apríl 1994, sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá er krafist kærú málskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Rannsókn stendur yfir vegna átaka á mótum Hverfisgötu og Smiðjustígs í Reykjavík aðfaranótt 24. apríl sl., en alvarlegir líkamsáverkar hlutust í þeim. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærú málskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 24. apríl 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Joseph Georg Adessa, atvinnulausum, kt. 190977-4639, Aðallandi 8, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í nótt vegna grunar um aðild að hrottalegri líkamsárás síðastliðna nótt. Fjórir voru fluttir á slysadeild, einn handleggsbrotinn, annar með 13 brotnar tennur, þriðji með áverka í andliti, og fjórði kvartaði undan verkjum í kviði.

Brot það, er kærði er grunaður um að hafa framið, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 19/1940.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á hrottalegri líkamsárás, sem kærði er grunaður um að hafa framið ásamt fleirum síðastliðna nótt og er rannsókn málsins á frumstigi. Veruleg hætta er á að kærði spilli sakargögnum, m.a. með því að hafa áhrif á hugsanlega samseka, grunaða eða vitni, haldi hann óskertu frelsi, en framburður kærða er í töluverðu ósamræmi við framburð annars kærða í málinu og vitna. Þykir því rétt með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí nk. kl. 16.00.

Halla Bachmann Ólafsdóttir, fulltrúi dómstjóra, kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Joseph Georg Adessa, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 5. maí 1994 kl. 16.00.
